

enginn terminus executionis ákveðinn í dómnum. Að öðru leyti er málið rekið með tilhlýðilegum hraða.

Við yfirdóminn hefir sókn og vörn í málinu verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði, Jón Ebenezersson, á að greiða 20 kr. sekt, er að helmingi greiðist Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu en að helmingi gæzlunefndinni þar. Um málskostnað í héraði skal lögregluréttardómnum óraskað. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Þ. Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Nr. 56/1880.

Þorkell Jónsson
gegn
Eggert Waage.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í héraði af Eggert Waage verzlunarmanni í Reykjavík, sem eiganda og umráðamanni jarðarinnar Stórahrauns í Stokkseyrarhreppi gegn Þorkeli Jónssyni, bónda á Óseyrarnesi, sem eiganda að $\frac{7}{8}$ hlutum úr jörðunni Gamlahrauni í sama hreppi, og er til efnið til málshöfðunarinnar það, að eigendur Gamlahrauns höfðu í sumar, er leið, tekið til sín tvö tré, sem rekið höfðu fyrir Gamlahrauns landi, og fénytt sér þau; en eigendur Stórahrauns álíta sig vera eigendur að öllum

reka fyrir landi Stórahraunstorfunnar, og þá einnig fyrir landi Gamlahrauns, sem er hjáleiga frá Stórahrauni; kröfðust þeir því, að Þorkell væri dæmdur í hegning fyrir þetta tiltæki og til að endurgjalda þeim áminst tré að $\frac{7}{8}$ hlutum eftir óvilhallra manna mati. Með dómi, kveðnum upp í því máli fyrir gestarétti Árnassýslu 22. október f. á., er Þorkell Jónsson dæmdur til að greiða sækjandanum, eða eigendum Stórahrauns, $\frac{7}{8}$ hluta af andvirði trjáa þeirra, sem málið er risið af, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, en hinsvegar er hann sýknaður af kröfu sækjandans um sektir eða aðra hegningu, svo er og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir Þorkell Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 6. nóvbr. f. á., og hefir hann krafist, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum hins stefnda í þessu máli, en að hinn stefndi verði skyldaður til að endurgjalda honum málskostnað fyrir undir og yfirdómi með 100 krónum eða einhverju nægilegu, og enn fremur að hann verði sektaður fyrir ýms óviðurkvæmileg ummæli í sóknarskjölum hans í héraði, og ummælin dæmd ómerk. Hinu stefndi hefir aftur á móti krafist, að héraðsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði skyldaður til að endurgjalda honum allan málskostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi að skaðlausu eftir mati yfirdómsins.

Eins og að framan er á vikið, er það in confesso meðal málspartanna, að tré þau, sem þeir deila um, hafi rekið upp á Gamlahraunsfjöru, en ágreiningurinn er um það, hvort Stórahraunseigendur eða Gamlahraunseigendur eigi reka fyrir Gamlahraunslandi. Eigendur Gamlahrauns byggja tilkall sitt til rekans fyrir landi jarðarinnar á afsalsbréfi 19. desembermán. 1807, en með því bréfi hefir þáverandi eigandi Stórahrauns, Magnús Bjarnason, selt

Þorkeli Jónssyni »8 hndr. úr jörðinni Stórahrauni í Stokkseyrar-kirkjusókn innan Árnassýslu, sem er Gamlahraunið og Salthóllinn, með öllu því landi, sem henni að fornu og nýju fylgt hefir til réttra marka til lands og fjöru mót kringumliggjandi annara jarða landeign«, og álíta eigendur Gamlahrauns, að sér með þessu afsalsbréfi sé heimilaður allur rekaréttur fyrir Gamlahraunslandi. Eigendur Stórahrauns halda því aftur á móti fram, að Stórahraun eigi allan reka fyrir Stórahraunstorfunni eins og hún var, áður en nokkur af hjáleigunum var undan henni seld, og að enginn rekaréttur hafi verið afsalaður undan heimajörðinni með hjáleigunum. Þessari skoðun sinni til sönnunar hefir hinn stefndi lagt fram: 1, afsalsbréf, dagsett 20. maí 1837, þar sem Ingunn Magnúsdóttir selur studiosus factor Sigurði Sigurðssyni á Eyrarbakka eignarjörð sína »Stórahraun í Stokkseyrarhreppi innan Árnassýslu, 15 hndr. að dýrleika með 3 kúgildum, öllum jarðarhúsum, túni og engjum, görðum og girðingum, úthögum og ítökum, rekum og hlunnindum, gögnum og gæðum til lands og sjávar, hverju nafni sem nefnast, er henni fylgt hefir og fylgja ber«; 2, vitnisburð, gefinn út 6. maí 1826, af 3 af þeim 6 virðingarmönnum, sem árið 1817 virtu dánarbú Magnúsar Bjarnasonar; en þar segir, að heimajörðin Stórahraun hafi verið virt af þeim nefnt ár, »með öllum herlegheitum, hlunnindum og gögnum, svo allur reki af trjám, fiskum, selum, sjávardýrum, hvölum, sem og selveiði öll sé henni tilheyrandi, án þess nefndri jörðu fráskildar hjáleigur eigi þar nokkurn rétt eða tilkall til, hvorki í Stórahrauns skiftu né óskiftu landareign«; 3, yfirlýsing frá eigendum Stórahrauns og Stóru-Háeyrar, þinglesna 18. maí 1854 á manntalsþingi á Eyrarbakka, um, að nefndum jörðum »tilheyri

vafaldus rekaréttur á öllum þessara jarða fjörum og ströndum, og að landsetar eða kotamenn þessara hverfa hafi því alls engan rétt eða tilkall til reka af nokkrum viðum eða trjám, sjávarskepnnum eða sjódýrum, hverju nafni sem nefnast, eða nokkru öðru fémætu, er á téðan jarðarreka uppreka kynni, að undanteknum sjávarávöxtum þeim, er brúkast til matar, fódurs og eldsneytis.

Sóknargögn þau, sem Stórahrauns eigendur þannig vilja byggja á tilkall sitt til reka fyrir Gamlahrauns landi, sanna að yfirdómsins álitu ekki það, sem eigendur téðrar jarðar hafa viljað leggja í þau. Að því er kemur til afsalsbréfsins fyrir Stórahrauninu 20. maí 1837, þá segir það að eins, að jörðin sé seld með rekum og hlunnindum til lands og sjávar, sem jörðinni fylgt hafi og fylgja beri, en þar er ekki sagt hverjir rekar fylgja jörðinni, því síður að henni beri reki fyrir Gamlahraunslandi, enda gat eigandi Stórahrauns þá ekki selt annað og meira en jörðinni þá fylgdi, en ágreiningurinn er einmitt um, hvort Stórahrauninu þá hafi fylgt reki fyrir Gamlahraunslandi. Í vottorðinu frá 6. maí 1826 segir að visu, að Stórahraun eigi allan reka bæði fyrir sínu landi og hjáleigna þeirra, sem þá væru gengnar undan því, en eins og áfryjandinn hefir mótmælt þessu vottorði sem óeiðfestu, þannig höfðu virðingarmenn þeir, sem hafa gefið vottorðið, ekkert umboð til að dæma um, hver hlunnindi ættu að fylgja Stórahrauninu, svo þó þeir hafi bygt virðingu sína á Stórahrauninu á því, að það ætti allan reka fyrir landi allrar torfunnar, þá gat sú virðingargjörð alls ekki verið skuldbindandi fyrir eigendur hjáleigna þeirra, sem undan voru gengnar. Sama er að segja um yfirlýsing Stórahrauns eiganda, sem þinglesin var 18. maí 1854; enda sannar hún að eins, að hann hafi þózt eiga reka á öllum jarð-

arinnar rekum og ströndum, en alls eigi, að það tilkall hans væri á nægum rökum bygt. Aðalatriðið í þessu máli verður því afsalsbréfið frá 19. desbr. 1807, og hafa eigendur Stórahrauns haldið því fram, að með nefndu bréfi sé ekki afsalaðu rneinn reki fyrir landi Gamlahrauns, Gamlahraunið hafi verið selt sem hjáleiga frá Stórahraunseigninni, en það sé ekki vandi, þegar hjáleiga sé seld undan höfuðbólí, að í því kaupí fylgi tiltölulegur hluti af hlunnindum höfuðbólísins, heldur haldi það hlunnindum sínum óskertum eftir sem áður, og þar sem nefnd sé fjara í afsalsbréfinu, þá sé þar að eins átt við sölvu og þangfjöru, en alls eigi reka. Þessa skoðun getur yfirdómurinn samt ekki aðhylst. Með afsalsbréfinu 1807 er Gamlahraunið ekki selt sem hjáleiga undan heimajörðinni Stórahrauni, heldur eru með því seld 8 hndr. úr jörðinni Stórahrauni, sem er Gamlahraunið og Salthóllinn; með öðrum orðum: hjáleigur þessar eru seldar sem hluti úr Stórahraunseigninni með tilteknu hundraðatali og þar af leiðir, að þeim hluta Stórahraunseignarinnar, sem þannig er afsalaður, hlýtur að fylgja tiltölulegur hluti af hlunnindum eignarinnar, nema þau séu með berum orðum undan tekin, en það er svo langt frá að svo sé, að í afsalsbréfinu er einmitt sagt, að nefndur hluti Stórahraunseignarinnar sé seldur með öllu því landi, sem henni að fornu og nýju fylgt hefir til réttra marka til lands og fjöru mót kringumliggjandi jarða landeign og eins og sala landsins hefir í sér fólgin öll eignarafnot þess, þannig hlýtur sala fjörunnar að ná til allra eignarafnota hennar, ekki einungis til þang- og sölvatekju, heldur til hverra annara afnota sem vera skal, þar á meðal að fényta sér reka þann, sem ber upp á fjöruna.

Með því að yfirdómurinn þannig ekki fær séð, að

hinn stefndi hafi leitt næg rök að tilkalli sínu til trjáa þeirra, sem málið er risið út af, þá ber að dæma áfrýjandann sýknan af kærum hans og kröfum í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum réttum virðist eftir málavöxtum eiga að falla niður. Þar sem áfrýjandinn loks hefir krafizt þess, að nokkur ummæli hins stefnda í sóknarskjölum hans í héraði verði dæmd ómerk og hinn stefndi látinn sæta sektum fyrir þau, þá finnur yfirdómurinn ekki næga ástæðu til að taka þá kröfu til greina

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Þorkell Jónsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum hins stefnda, Eggerts Waages, í þessu máli. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 25. aprílmán.

Nr. 6/1881.

Réttvísín

gegn

Indriða Gíslasyni, Eggert Stefánsyni, Sæmundi Magnússyni, Jóni Hannessyni, Guðmundi Jónssyni, Indriða Indriðasyni, Ragnheiði Ólafsdóttur og Önnu M. Jónasdóttur.

D ó m u r:

Reglugjörð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, notkun afrétta, fjallskil og réttarhöld m. fl., staðfest af amtsráði vesturamtsins 22. júní 1876, mælir svo fyrir í 21. gr., að lögrétt í Saurbæjarhreppi skuli vera að Múla eða Belgsdal, eftir því sem hreppsnefndin í téðum hreppi